AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VIII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. janúar 1978 til 31. desember 1982:

1. Egilsstaðir — Vopnafjörður — Bakkafjörður — Egilsstaðir.
2. Egilsstaðir — Borgarfjörður eystri — Egilsstaðir.
3. Egilstaðir — Neskaupstaður — Egilsstaðir.
4. Egilstaðir — Djúpivogur — Höfn — Egilstaðir.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.